

Skógarvörðurinn á Norðurlandi:

S T A R F S S K Y R S L A F Y R I R A R I D 1 9 3 9.

Páll Guttormsson.

Starfsskýrsla skógarvarðarins á Norðurlandi fyrir árið 1939.

S k ó g a r h ö g g:

Um skógarhögg og viðarsölu visast til yfirlitlitsskýrslu yfir skógarhögg að nokkru leyti. Selt var á árinu 720 girðingarstaurar, 1250 fet efniviður og 93.3 tonn eldiviður. Eldiviðurinn skiftist þannig: í Fnjóskadal 43 tonn, til Akureyrar 22 tonn, til R.vík. 25 tonn og aðra staði 3 tonn. Af viðnum voru 36 tonn niðursöguð og 10 tonn bundin í byrðar. Allur viðurinn var seldur afkvist aður. Nú um áramót eru nálægt 8 tonn fyrirliggjandi ~~umskógi~~. Sá viðurinn er óniðursagaður.

Kolagerð:

Um kolagerð visast til yfirlits yfir kolagerð að mestu. Brennt var 26 ofnum og kolin vigtuðu 5040 kg. Bíllinn notaði hér fyrir norðan 870 kg. En á bílnum suður var farið með 500 kg. hitt nema 10 kg. (sem seld voru hér) og það sem að er geymt hér á Vöglum, var sent með skipi til Reykjavíkur. Um 40 tonn viðar fóru til kolagerðarinnar. Viðurinn var allur höggvinn niður með öxim (ekki vélsagaður).

G r æ ð i r e i t u r:

Afhent var úr reitnum:

Birki	223	stk.
Reynir	517	-
Ýmsar pl.	8	-
<u>Alls</u>	<u>748</u>	<u>stk.</u>

200 stk. af þessum plöntum fékk (birki) K. E. Akureyri fyrir mjög lítið, því að plönturnar voru mjög lélegar, höfðu staðið mörg ár í priklbeðum.

Dreifsett var:

Birki	20.480	stk.
Reynir	720	-
Fura	4.140	-
<u>Alls</u>	<u>25.340</u>	<u>stk.</u>

Birkið sem dreifsett var, voru heildur lélegar plöntur. Því hafði verið sáð of pétt, var á köldum stað og hafði lítt áburð. En því fór betur fram í sumar en við hefði mætt búast, jafn lélegar plöntur, það sem hjálpaði var að í jarðveginn var særilega börið af áburði og sumarið hlýtt. Skógarfurðan sem dreifsett var, var tveggja ára. Uppundir 1/3 af henni mun hafa drerist, af því að henni var priklað og seint, en samt aðallega hefur það verið vegna frosts sem kom í vor.

S. 1. ár var sáð tölverðu af birkifræi en það kom mjög illa upp vegna of mikilla þurka og kulda í fyrravor. En í vor kom tölvert upp sem ekki hafði komið upp í fyrra og þroskaðist það sámlægum í sumar, enda þótt sumarið í sumar væri með þurrustu sumrum hér norðanlands, en það var lika með þeim heitustu. Blöntur sem teknar voru í skóginum í fyrra og settar í reitinn, fór aftur heldur lítið fram í sumar. Reyniviðurinn um 1000 stk. sem dreifsettur var 1937, var orðinn í vor 40 - 50 cm. á hæð, var látinna standa áfram í sumar og fór honum allvel fram. Stykki sem var fullunnið í fyrra og borinn í húsdýraáburður, var nú borinn í tilbúinn áburður í vor og dreifplantað í það briggja ára fræbeðsplöntum af birki. Einnig var sáð í sumt af þessu stykki, reyniviðarfæri í haust. Auk birkisins var plantað út dálitlu af skógarfuru og reynir.

Sáð var í haust 20 kg. af reynifræi, mest úr gróðrarstöðinni á Akureyri.

G i r ð i n g a r:

Lokið var við að endurnýja skógargirðinguna en á því var byrj- 1937. Girt var nálægt 3 km. Af girðingaréfni var eftir frá árinu '37, 8 rl. vínet, rúm 40 stykki galv. járnstaurar og 70 birkistaurar. Í fyrra voru sendar 20 rl. af víneti frá Reykjavík. Í viðbót við þær voru keyptar 2 rl. á Akureyri og einnig dálitið af bindivír þar. Auk gömlu birkistauranna, var höggvið og notað í viðbót við þá 230 stk..

Í norðurkanti skógargirðingarinnar gömlu voru eintómir járnstaurar, þeir voru allir notaðir aftur og ekkert færðir til. Einnig voru um 60 steypir staurar í gömlu girðingunni og voru þeir notaðir sem máttarstaurar. Milli aðalstauranna voru oftast hafðir 4 birkistaurar. Millibil milli staura car haft 4 1/2- 5 m. Tveir strengir af gaddavír úr gömlu girðingunni, voru strengdir fyrir ofan netið.

Kostnaður við uppsettinguna mun koma fram við uppgjör í dagbók. Dálitið mun þar líka verða fært af efniskaupum, t. d. útt. í K. E. Akureyri og einnig verð á birkistaurum frá skógi. En vínetið hefur mest komið til reiknings í fyrra og dálitið í hittefyrra og eins járnstaurarnir. Svolitið hefur verið selt af sléttum vír úr gömlu girðingunni, en mest er óselt.

F e r ð i r t i l a ð s k o ð a s k ó g a:

Eg (skógarvörður) fór eina ferð austur í síslu til að líta eftir skógarhöggi og skoða skóga. Skoðaði ég Fellsskóga við Skjálfandafljót, skóginna í Aðaldalshrauni, Vatnshlíðarskógo í Reykjadal og Fosssekksskógo við Skjálfandafljót. Sumir af þessum skógum eru all fallegir t. d. Yztafellsskógor og Fosssekksskógor, þeir eru beinvaxnir og samfeldir og hafa þá stærð að geta kallast skógar.

Sumir þessir skógar verða fyrir talsverðum skendum af mannavöldum og er það ekki hvað minnst vegna skógarhöggs. T. d. er Vatnshlíðarskógor mjög illa grisjaður, eru höggvin þar 7 - 8 m. breið belti, og jafnvel breiðari, með stuttu millibili, upp og ofan hliðina og sumstaðar rjóður höggvin útfrá þessum beltum. Þessi belti eiga víst að heita skógargöng, en eru svona skakt höggvin. Og yfirleitt það sem grisjað hefur verið í þessum skógam er aðl of mikið tekið. Milli trjákrónanna eru kanske 2 - 3 m.

yfir allt svæðið sem grisjað hefir verið, svo að með því móti verður engin samkeppni um hæðar vöxtinn og ef um góðan skógarbotn og skógarjarðveg hefur verið að ræða spillist hann og fyrir kjarrskóg sem beittur hefur verið er þannig grisjun alveg eyðilegging, ekki sízt, ef beitt er í skógin, svo enginn nýgræðingur fær að komast upp.

Auk þessarar ferðar skoðaði ég skóg hér út í dalnum og skógarkjarr í Leyningshólum í Eyjafirði.

Ý m i s l e g t:

Maðkun var töluverður, en ekki samt svo mikill að skógarum yrði sjáanlega brúnn eftir laufgunartímann. Hann gjörði samt all mikið tjón, vegna þess að hans hefur orðið mikið vart þrjú undanfarin sumur og sérstaklega mikið í hittifyrra, og talsvert í fyrra, urðu skemdir miklar af völdum hans í sumar.

Fræ var ekki til á skóginum í haust, enda þótt sumarið væri mjög hlýtt, en orsök þess er maðkur undanfarin ár og einnig að sumarið var kalt í fyrra.

Skógræktarfélag Eyfirðinga fékk að taka smáplöntur í skóginum. Einnig var látið í aðra staði rúm 1000 stk. og var andvirði þess kr. 82.85, sem að sjá má í Nb. skógarins.

Skógarbíllim var geymdur á Vöglum yfir veturinn, þurfti að kosta upp á all mikla viðgerð á honum. Annars fylgir yfirlit, sem sýnir nokkun bílsins hér á Vöglum í sumar.

Vöglum 20/12 1939.

Páll Guttormsson.